

Inngangur

Laugardaginn 22. mars 2025 var haldið Íbúáþing 60+ á Hótel Örk í Hveragerði, kl. 11:00–13:00. Öldungaráð Hveragerðisbæjar stóð fyrir þinginu og var markmiðið að virkja íbúa til þátttöku og greiningar á þörfum málaflokksins. Þinginu var ætlað að skapa vettvang fyrir eldri íbúa og fagaðila til að ræða þarfir og hugmyndir í tengslum við þjónustu og málefni 60 ára og eldri.

Þingið var auglýst á heimasíðu Hveragerðisbæjar, Facebook og í Dagskránni – Fréttablaði Suðurlands.

Dagskrá þingsins

Stjórnendur þingsins voru Erna H.

Solveigardóttir deildarstjóri velferðarsviðs í Hveragerði og Kolbrún Tanja Eggertsdóttir forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra. Bæjarstjóri Hveragerðis, Pétur G. Markan, flutti stutt ávarp í upphafi þingsins. Þar á eftir fylgdu erindi og kynningar:



- Erna H. Solveigardóttir og Kolbrún Tanja Eggertsdóttir kynntu starfsemi Velferðarþjónustu í Hveragerði.
- Berglind Magnúsdóttir (Heilbrigðisráðuneyti) og Herdís Björnsdóttir (Félags- og húsnæðismálaráðuneyti) kynntu hugmyndafræði þróunarverkefnisins *Gott að eldast* sem Hveragerði er þátttakandi í.
- Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur, hélt fróðlegt erindi um áhrif félagslegrar einangrunar og fjölbreyttar leiðir til úrlausna.
- Anna Jórunn, formaður Öldungaráðs kynnti starf ráðsins.

Markmið og leiðir

Tilgangur þingsins var að skapa samræðuvettvang þar sem íbúar, fagfólk og fulltrúar í opinberri þjónustu gætu lagt sitt að mörkum til að greina þarfir og framtíðarsýn fyrir 60+ íbúa í Hveragerði.

Um 80 manns mættu til þátttöku á þinginu:

- Íbúar 60+

- Starfsmenn Velferðarsviðs í Hveragerði
- Fulltrúar ráðuneyta
- Bæjarstjóri Hveragerðis

Þátttakendur sátu við 10 manna borð og voru hvattir til að skrá hugmyndir og athugasemdir á blöð sem lágu frammi á borðum. Einnig fengu þeir tækifæri til að ræða hugmyndir sínar við fulltrúa Öldungaráðs og starfsmenn Hveragerðisbæjar.




Spurningar lagðar fyrir fundargesti

1. Hver eru sjónarmið ykkar á núverandi þjónustu og aðstöðu hjá Hveragerðisbæ fyrir íbúa 60+? (t.d. varðandi heimastuðning, heilsurækt, húsnæðis-, heilbrigðis-, félags- og fræðslumála).
2. Hver er framtíðarsýn/hugmyndir ykkar fyrir íbúa 60+ í Hveragerðisbæ?

Helstu niðurstöður

Í lok þings lágu fyrir 33 erindisblöð. Niðurstöður gefa skýrar vísbendingar um helstu áherslur og þarfir þeirra sem mættu á þingið.



Íbúðir og þjónustukjarni fyrir 60+

Svör þátttakenda undirstrika þörf á íbúðum fyrir 60 ára og eldri ásamt þjónustukjarna sem sameinar ýmsa þjónustu líkt og mótuneyti, snyrtistofu og afþreyingu. Með slíkri þjónustu er dregið úr líkum á félagslegri einangrun á sama tíma og stutt er við færni og vellíðan. Áhersla var lögð á að tryggja félagslega og færnimiðaða búsetu mt.t. stefnu í málefnum eldri borgara í Hveragerði.

Félagsmiðstöð fyrir 60+

Þátttakendur kalla eftir öflugri og rúmgóðri aðstöðu fyrir tómstundir og samkomur. Húsnæði sem núna er í notkun uppfyllir ekki þarfir vaxandi fjölda eldri íbúa, sérstaklega utan hefðbundins dagvinnutíma.

Fjölbreyttari þjónusta

Þátttakendur vildu stærra og betra húsnæði fyrir íþróttar- og tómstundaúrræði ásamt möguleika fyrir samkomur. Þó kom fram að margt gott er í boði en bæta mætti eftirfarandi atriði: Bæta við starfsfólki sem sinnir málaflokknum, aukinn stuðningur við maka og aðstandendur, markvissari öryggisinnlit, fræðsla um tækjanotkun í æfingarsal,

aðstoð við tæknimál og meiri áhersla á valdeflingu og endurhæfingu. Einnig var bent á þörf fyrir styttri biðtíma eftir læknum.

Upplýsingagjöf

Kallað var eftir markvissari og aðgengilegri upplýsingamiðlun. Allar upplýsingar um úrræði og þjónustu sem ætlað er íbúum 60 ára og eldri ættu að vera aðgengilegar á einum stað, bæði rafrænt og útprentað í formi bæklinga. Einnig kom fram ósk um að Öldungaráðið yrði sýnilegra og aðgengilegra.

Hreyfi- og tómstundaúrræði

Þátttakendur óskuðu eftir meira framboði af hreyfingu, tómstundum og fræðslu tengdri heilbrigðu líferni. Óskir komu fram um fleiri tíma í vatnsleikfimi, æfingar fyrir einstaklinga með skerta færni og aðgengi að gróðurhúsum.

Aðgengismál

Bent var á að bæta þurfi aðgengi í sundlaugina Laugaskarð og kjallara Hamarssports þar sem heilsuefling 60+ fer fram.

Ályktun og næstu skref

Niðurstöður íbúapingsins veita dýrmætar vísbendingar um þarfir og óskir eldri íbúa í Hveragerði og verða nýttar við áframhaldandi þróun á þjónustu við málaflokk eldri íbúa samhliða stefnu í málefnum eldri borgara Hveragerðis.

